

**39. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar, haldinn fimmtudaginn 8. desember 2011  
kl. 17:00 á skrifstofu Langanesbyggðar.**

Mætt: Siggeir Stefánsson oddviti, Ævar Marinósson, Steinunn Leósdóttir, Indriði Þóroddsson, Reimar Sigurjónsson, Gunnólfur Lárusson og Helgi Mar Árnason sem ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundamenn velkomanna og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

**DAGSKRÁ:**

1. **Fundargerð sveitarstjórnar, dags. 24.11.2011**  
*Lögð fram til kynningar.*
2. **Fundargerð sveitarstjórnar, dags. 30.11.2011**  
*Lögð fram til kynningar.*
3. **Fundargerð Héraðsnefndar Þingeyinga.**  
*Lögð fram til kynningar*
4. **Sparisjóður Þórshafnar.**  
Íris Björnsdóttir, sparisjóðsstjóri, kom á fundinn og gerði grein fyrir framtíðarstöðu sparisjóðsins.  
Sveitarstjórn þakkar Írisi fyrir komuna og greinargóða skýrslu. Jafnframt lýsir sveitarstjórn áhyggjum sínum af stöðu sparisjóðanna og hvetur íbúa Langanesbyggðar til að standa vörð um sparisjóðinn sinn.
5. **Skýrsla sveitarstjóra.**  
Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum.
6. **Varasjóður húsnæðismála.**  
Sveitarstjóri fór yfir stöðu varasjóðs húsnæðismála. Fram kom að árið 2012 er áætlað að í sjóðnum verði um 50 milljónir króna.
7. **Fjárhagsáætlun 2012 – Fyrri umræða**  
Sveitarstjóri lagði fram tillögu að álagningarskrá fasteignagjalda og sorpeyðingu fyrirtækja í Langanesbyggð 2012.

**1. Gjaldskrá fasteignagjalda:**

- Fasteignaskattur A - Íbúðarhúsnæði og bújarðir eru 0,625% af heildarálagningarstofni.
- Fasteignaskattur B - Sjúkrastofnanir, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttarhús og bókasöfn eru 1,32 % af heildarálagningarstofni.
- Fasteignaskattur C - Atvinnuhúsnæði og annað húsnæði eru 1,65% af heildarálagningarstofni.

**2. Lóðarleiga**

- Lóðarleiga A - lóðarleiga er 1,5% af fasteignamati lóða fyrir íbúðarhús.
- Lóðarleiga B - lóðarleiga er 2,5% af fasteignamati lóða fyrir atvinnuhúsnæði og opinberra bygginga.

### 3. Vatnsskattur:

- A - Vatnsskattur er 0,30% af heildarálagningarstofni.
- B - Aukavatnsskattur er kr. 34 pr. m<sup>3</sup> vatns.

### 4. Holræsagjald

- Holræsagjald er 0,225% af heildarálagningarstofni.

### 5. Sorphreinsunargjöld:

- Sorphreinsunargjald heimila kr. 15.000,- á íbúð.
- Sorpeyðingargjald heimila kr. 15.000,- á íbúð.

### 6. Sorpeyðingargjald fyrirtækja:

Flokkur	Lýsing	0,25 m <sup>3</sup>	0,5 m <sup>3</sup>	0,75 m <sup>3</sup>	1 m <sup>3</sup>
101	Blandaður úrgangur til urðunar	555	1.110	1.665	2.220
203	Lífrænn heimilisúrgangur til jarðgerðar	0	0	0	0
204	Lífræn rekstrarúrgangur (fiskislóg)	278	555	833	1.110
301	Óflokkað timbur t.d. málað	555	1.110	1.665	2.220
302	Flokkað timbur,hreint ómálað	222	444	666	888
600	Málmar og brotamálmar	0	0	0	0
601	Góðmálmar (Sérskomulag)				
398	Bylgjupappi – minna en 1m <sup>3</sup>	0	0	0	0
398	Bylgjupappi- meira en 2 m <sup>3</sup> (Sér samkomulag)				
603	Múrbrot/gler/flísar/postulín	555	1.110	1.665	2.220
501	Óflokkaður úrgangur sem inniheldur endurvinnanlegan úrgang.				

- Fjöldi gjalddaga er almennt 8, sá fyrsti 1. febrúar og sá síðasti 1. september. Ef heildargjöld greiðanda eru undir kr. 20.000 þá er einungis einn gjalddagi 1. febrúar
- Eindagi fasteignagjalda er 30 dögum eftir gjalddaga. Ef fasteignagjöldin eru ennþá ógreidd mánuði eftir eindaga verða þau send í innheimtu.

*Álagning fasteignargjalda og gjaldskrá vegna sorpeyðingar fyrir 2012 samþykkt samhljóða.*

Sveitarstjóri lagði fram drög að fjárhagsáætlun Langanesbyggðar A og B hluta fyrir árið 2012. Mikil umræða fór fram um drögin og samþykkt að vinna áfram í fjárhagsáætluninni og leggja hana fram til seinni umræðu 15.des. nk. kl. 17.00.

Fundargerð lesin upp og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:00.